

Ágæti íbúi í Þingeyjarsveit.

Nú hefur meirihluti sveitarstjórnar lagt fram tillögu þess efnis að allt skólahald Þingeyjarskóla utan leikskólans Krílabæjar verði flutt í húsnæði Haftralækjarskóla frá og með næsta skólaári.

Skólamál sveitarfélagsins hafa verið deiluefni síðan Þingeyjarsveit varð til. Það er mikið búið að karpa, rökraða, skrifa skýrslur, halda rýni,- íbúa,- og starfsmannafundi. Margar hugmyndir og skoðanir hafa komið fram. Ekki hefur verið eining um það hve margir grunnskólarnir ættu að vera í sveitarfélaginu né hvar þeir ættu að vera staðsettir.

Í kosningabaráttu A-lista boðuðum við ákveðið ferli sem við höfum fylgt. Þar sagði að við myndum láta gera úttekt á Þingeyjarskóla. Eina skýrslu um hina faglegu hlið, eina um fjárhagslegu hliðina og eina um rýmis,- og viðhaldsþörf starfstöðvanna. Næsta skref væri að halda fund þar sem skýrsluhöfundar myndu kynna skýrslurnar. Að lokum yrði kannaður hugur íbúa á skólasvæði Þingeyjarskóla um hvort þeir vildu sameina Þingeyjarskóla á eina starfsstöð og það yrði gert með kosningu sem varð reyndar að skoðunarkönnun en gerði sama gagn. Í öllu ferlinu kom skýrt fram að fólki yrði ekki gefinn kostur á að velja um staðsetningu hins sameinaða skóla heldur myndi sveitarstjórn taka þá ákvörðun.

Þetta ferli var skýrt sett fram fyrir kosningar og það væru svik við tæplega 70% íbúa Þingeyjarsveitar sem okkur kusu að gera annað en við boðuðum.

Nú erum við búin að fylgja þessu ferli og niðurstöður könnunarinnar eru skýrar, 79 prósent á skólasvæði Þingeyjarskóla vildu sameina Þingeyjarskóla á eina starfsstöð.

Ákvörðun okkar var tekin þegar við höfðum sömu upplýsingar og aðrir íbúar uppúr skýrslunum sem og skoðanakönnuninni. Í þessu ferli höfum við í meirihlutanum velt fyrir okkur mörgum mögulegum lausnum og með faglegri rökraðu höfum við rátt okkur til sameiginlegrar niðurstöðu. Tekin var einhuga ákvörðun um að leggja fram tillögu um að færa allt skólahald Þingeyjarskóla utan leikskólans Krílabæjar í húsnæði Haftralækjarskóla.

Ástæður fyrir þessari tillögu er margar:

- Húsnæði Haftralækjarskóla uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis. Húsnæðið er tekinn út eins og annað opinbert húsnæði með reglulegum hætti af eftirlitsaðilum s.s. Eldvarnareftirliti, Vinnueftirliti og Heilbrigðiseftirliti.
- Skólinn er miðsvæðis með tilliti til skólaaksturs
- Skólinn er vel búinn og í ágætu ástandi
- Skólinn hefur mikið og gott pláss og aðstöðu til að kenna flestar greinar
- Skólinn hefur aðgang að Ýdolum til notkunar fyrir íþróttir, leiksýningar, hátíðarhöld og samkomuhalds
- Skólahúsnæðið er í eigu sveitarfélagsins og hægt er að flytja alla starfsemi þingeyjarskóla í húsnæðið án mikils kostnaðar
- Húsnæðið krefst viðhalds sem hægt er að halda innan viðráðanlegra fjárútláta á næstu árum

Við getum ekki réttlætt það að byggja nýjan skóla á Laugum þegar sveitarfélagið á húsnæði sem uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis

Okkur er ljóst að þetta er sársaukafull og erfið ákvörðun en aldrei hægt að gera öllum til hæfis. Það verða alltaf einhverjir sem hafa aðrar skoðanir og sýn á málin og vilja að önnur leið sé farin.

Það er okkar sannfæring að í tillögu okkar felist besta lausnin í erfiðri stöðu. Við trúum því að við séum að láta hagsmuni heildarinnar ráða. Að með þessu móti verði til betri skóli fyrir minni fjármuni, þar sem faglegt starf verður betra og félagslegum þörfum barnana okkar verður betur borgið.

Rétt er að minna á að ekkert í skólamálum er endanlegt, en við trúum því að miðað við núverandi aðstæður í sveitarfélaginu þá sé þetta rétt ákvörðun á þessum tímapunkti.

Bestu kveðjur
Arnór Benónýsson
Margrét Bjarnadóttir
Árni Pétur Hilmarsson
Ásvaldur Þormóðsson
Heiða Guðmundsdóttir
Eiður Jónsson
Nanna Þórhallsdóttir

Konur og Karlar hvernig væru nú að fá fína fætur fyrir jólin!

Ég heiti Berglind og er fótaaðgerðafræðingur. Ég verð með aðstöðu á Gistiheimilinu Stöng 14. desember fyrir fótaaðgerðir. Ég veiti meðferðferð og ráðleggingar við inngrónum nöglum, líkþornum, vörtum og ofl. Fótaaðgerð kostar 5.500 kr.

Pantanir í síma 663-8782
Hlakka til að sjá ykkur!
(verð ekki með posa)

Jólatilboð 2014

ÆTTIR ÞINGEYINGA

Pakkatilboð	
V-VIII	kr. 6.000
IX-XI	kr. 6.000
XII-XIV	kr. 7.000
XV-XVII	kr. 8.000

Stök bindi

V	2.000
VI	2.000
VII	2.500
VIII	2.500
IX	3.000
X	3.000
XI	3.000
XII	3.500
XIII	3.500
XIV	3.500
XV	4.000
XVI	4.000
XVII	4.000

Í hverju bindi eru myndir af um
1000 einstaklingum að meðaltali

Pantaar og nánari upplýsingar

Brynjar Halldórsson • 465 2240 • brynjarb@islandia.is

Starfsemi tónlistardeilda fylgi grunnskólastiginu. Leikskólinn Krílabær verður við þessa breytingu sjálfstæð stofnun.“

Þá lagði varaoddviti fram tillögu að eftirfarandi málsmeðferð:

„Sveitarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til Fræðslunefndar og skólaráðs Þingeyjarskóla til umsagnar og óskar þess að umsögnin berist eigi síðar en 15. desember.“

Tillagan rædd.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við fulltrúar T lista lýsum yfir furðu á því að jafn viðamikilli tillögu sem hefur mikil áhrif í sveitarfélaginu skuli ekki fylgja greinargerð þar sem skýrt er með rökum á hverju tillagan byggist. Þetta er að okkar mati óásættanleg stjórnsýsla sem hér er viðhöfð af hálfu meirihluta sveitarstjórnar.“

Þá lagði T listi fram eftirfarandi breytingartillögu:

„Lagt er til að framkominni tillögu verði vísað til Fræðslunefndar þar sem Fræðslunefnd fari yfir kosti og galla beggja staðsetningarkosta og í framhaldinu leggi fram skriflegt rökstutt mat á þessum kostum báðum þar sem allir þættir eru skoðaðir og greindir.“

Varaoddviti bar upp breytingartillögu T lista til atkvæðagreiðslu. Breytingartillagan felld með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T lista.

Varaoddviti bar upp fyrri tillögu um málsmeðferð til atkvæðagreiðslu.

Fyrri tillaga um málsmeðferð samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista. Fulltrúar T lista sátu hjá .

T listi lagði fram eftirfarandi bókun:

„Við höfum áhyggjur af að umfjöllun og vinnua Fræðslunefndar varðandi framkomna tillögu verði ómarkviss þegar henni er vísað jafnt óljóst áfram og raun ber vitni. Að þessu sögðu er rétt að hafa í huga að Fræðslunefnd kemur heldur ekki til með að hafa greinargerð með tillögunni í sinni umfjöllunarvinnu samkvæmt svörum meirihlutans í umræðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:20

Nanna Þórhallsdóttir
Eiður Jónsson
Heiða Guðmundsdóttir
Ragnar Bjarnason

Margrét Bjarnadóttir
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Baldvin Kr. Baldvinsson



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
04.12.2014**

**159. fundur
Aukafundur í sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 4. desember kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson, Ragnar Bjarnason og Baldvin Kr. Baldvinsson. Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson sátu ekki fundinn sökum vanhæfis. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Framtíðarskipulag Þingeyjarskóla

Áður en gengið var til dagskrár lýsti Árni Pétur Hilmarsson sig vanhæfan í málinu þar sem hann er aðstoðarskólastjóri Þingeyjarskóla. Hlynur Snæbjörnsson lýsti sig hugsanlega vanhæfan í málinu þar sem deildarstjóri Krílabæjar er mágkona hans. Arnór Benónýsson lýsti sig vanhæfan í málinu þar sem aðstoðarskólastjóra Þingeyjarskóla er mágkona hans. Kosið var um hæfi.

Vanhæfi Hlyns samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúum T lista.
Vanhæfi Arnórs samþykkt með fimm atkvæðum A lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa T lista.

Vanhæfi Árna Péturs samþykkt samhljóða.
Varamenn tóku sæti, Eiður Jónsson og Nanna Þórhallsdóttir fyrir A lista og Baldvin Kr. Baldvinsson fyrir T lista. Aðalmenn sem töldust vanhæfir yfirgáfu fundinn.

Varaoddviti tók við fundarstjórn.

Framtíðarskipulag Þingeyjarskóla

Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu frá fulltrúum A lista um framtíðarskipulag Þingeyjarskóla:

„Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir að grunnskólastig Þingeyjarskóla verði sameinað á eina starfsstöð frá og með 1. ágúst 2015. Sú starfsstöð verði í húsnaði Hafralækjarskóla.



FRÁ SUNDLAUG STÓRUTJARNASKÓLA

Sundlaugin verður lokað frá og með fimmtudeginum 18. desember.
Opnum aftur á nýju ári mánudagskvöldið 5. janúar.

*Með jólakveðju,
skólastjóri og húsvörður*

Fótsnyrting



kvenfélagið Hildur í Bárðardal býður ellilífeyrisþegum og öryrkjum í fótsnyrtingu þriðjudaginn 16. desember. Aðrir sem hafa áhuga á snyrtingu borga 6300 krónur. Anna Geirlaug frá Snyrtipinnanum ætlar að koma til okkar og gera fæturna fína fyrir jólin. Hún verður með aðstöðu hjá Sigga og Stínu á Lækjavöllum.

Tímapantanir þurfa að berast í síðasta lagi sunnudaginn 14. desember í síma 8981404 (Malla).
Enginn posi verður á staðnum

DALAKOFINN

Dalasvar

verður laugardaginn 13. desember og hefst kl. 21.00
Á eftir mun hljómsveitin Galiley úr Laugaskóla spila.

Jólaafsláttur

Fram til áramóta gefum við 5% afslátt úr versluninni ef verslað er fyrir 5.000 til 10.000 kr, og 10% afslátt ef verslað er fyrir yfir 10.000 kr.

Eins og undanfarin ár verðum við með **skötuhlaðborð** á Þorláksmessu sem mun hefjast kl 12:00. Verð á mann er 1900 krónur og eru menn beðnir um að hringja í okkur og skrá sig í síðasta lagi 21. desember..

Við hlökkum til að sjá þig.
Dalakofinn/Útibú ehf.
s. 464-3344 dalakofinn.is

Aðventukvöld í Þorgeirskirkju



Aðventukvöld sameiginlegt fyrir Háls-
Ljósavatns-og Lundabrekkusóknir
verður í Þorgeirskirkju laugardaginn
13. desember kl. 20.00. Tendrað
verður á aðventukertum.

Kirkjukórinn syngur aðventu-og
jólalög undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur. Stud.Theol
Sindri Geir Óskarsson flytur hugleiðingu. Jólasaga mun
hljóma. Fermingarbörn flytja ljósahelgileik. Góður
undirbúningur fyrir jólin að eiga saman aðventusamfélag
í fögrum helgidómi.

Verið velkomin!

49.tbl.
11. desember
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Hið árlega jólasveinabað

Jólasveinana í Dimmuborgum

Jólasveinarnir í Dimmuborgum mæta í sitt árlega jólabað í Jarðböðunum við Mývatn laugardaginn 13. desember kl. 17. Þeir eru nú misgláðir bræðurnir með þessa hefð og því um að gera fyrir alla að mæta og taka þátt í fjörinu! Sama dag verður Markaðsdagur í Jarðböðunum við Mývatn frá kl. 14-18.

Jólasveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum á Hallarflötinni í Dimmuborgum alla daga frá kl. 13-15. Grýlusjóður verður á sínum stað þar sem gestir eldri en 18 ára greiða 1.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á www.visitmyvatn.is

Mývatnssveit töfraland jölanna

